

Sb.

455. Fyrirspurn

[237. mál]

til fjármálaráðherra um mötuneytarekstur ríkisins og ríkisstofnana.

Frá Guðmundi H. Garðarssyni.

Óskað er skriflegs svars við eftirgreindum fyrirspurnum:

1. Hve mikill varð kostnaður ríkisins af mötuneytarekstri þess og ríkisstofnana árin 1970 til og með 1974, sundurliðað fyrir hvert ár, og hve mikill er þessi kostnaður áætlaður á yfirstandandi ári?
2. Hve mörg mötuneyti eru nú rekin af ríkinu og stofnunum þess, og hvar eru þau staðsett?
3. Hver er starfsmannafjöldi þessara mötuneyta?
4. Hve margir starfsmenn ríkisins njóta nú fæðis í þessum mötuneytum?
5. Hve margar máltíðir eru seldar í þessum mötuneytum dag hvern?
6. Hvert er söluverð málsverða í mötuneytum þessum og hvert er raunverulegt kostnaðarverð þeirra?
7. Hvernig eru fæðishlunnindi þessi metin í kjarasamningum opinberra starfsmanna?
8. Greiða opinberir starfsmenn skatta af fæðishlunnindum þessum?
9. Er það rétt, að aðrir en viðkomandi starfsmenn njóti þjónustu í þessum mötuneytum, og ef svo er, þá með hvaða kjörum?
10. Hver er stefna ríkissjóðs varðandi rekstur þessara mötuneyta í framtíðinni?